




Leiðhamrar 54 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Jóhannesar Þorkelssonar, dags. 30. ágúst 2023, um að fjölga bílastæðum á lóð nr. 54 við Leiðhamra.



Samþykkt mæliblað

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin á íbúðarsvæði.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulagið “ Hamrahverfi “ samþykkt í borgarráði dags 16 apríl 1985 með síðari breytingum.

Umsögn

Samkvæmt skilmálum samþykkt deiliskipulags er sagt að mæliblöð og hæðarblöð sýna fjölda bílastæða. Gert er ráð fyrir tveimur bílastæðum á lóð og gestastæðum í götu, sjá mæliblað. Fyrirspurnin samræmist ekki gildandi deiliskipulagi.

Almennt er ekki tekið jákvætt í ný bílastæði á lóð í gróinni byggð þar sem reynt er eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að keyrt sé yfir gangstétt.

Bent er á að húsin á móti eru með samþykkt tvö bílastæði hjá sér samnber samþykktum aðaluppdráttum og samþykktu deiliskipulagi.

Niðurstaða

Neikvætt að fjölga bílastæðum samanber umsögn, fyrirspurnin samræmist ekki gildandi deiliskipulagi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri